

## Ný lög um háskóla, grunnskóla, sameiningu íslenskustofnana og kvikmyndaeftirlit

Sjö frumvörp menntamálaráðherra voru afgreidd sem [lög](#) á yfirstandandi þingi. Þar þar hæst ný lög um háskóla, lög um sameiningu íslenskustofnana í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, breytingu á grunnskólalögum og lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

Samkvæmt nýjum lögum um háskóla verða þeir háskólar sem starfa á grundvelli þeirra að afla sér vottunar og uppfylla skilyrði sem tíunduð eru í lögnum. Er gert ráð fyrir að viðurkenning sé bundin við tiltekin fræðasvið og skilgreiningar OECD lagðar til grundvallar. Háskólar geta einungis starfað á því fræðasviði sem viðurkenning þeirra nær til.

### Áhersla á sjálfstæði og svigrúm háskóla

Mikil áhersla er lögð á sjálfstæði og svigrúm háskóla og gera lögin ráð fyrir að þeir geti sjálfir ákveðið hvaða nám og prófgráður þeir hafa í boði innan þeirra fræðasviða sem viðurkenning þeirra nær til, enda uppfylli námið viðmið um æðri menntun og prófgráður en slík viðmið eru nýmæli í íslenskum lögum.

Menntamálaráðherra mun á grundvelli laganna gefa út formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður sem er kerfisbundin lýsing á prófgráðum þar sem lögð er áhersla á almenna lýsingu á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok. Háskólum ber að birta sambærilegar lýsingar fyrir hverja námsleið á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok. Þetta er í samræmi við alþjóðlega þróun og eru mörg lönd að skipuleggja og skýra háskólakerfi sín með þessum hætti.

Samhliða þessu verður lögð rík áhersla á gæðaeftirlit með háskólum og samræmingu prófgráða til að tryggja aukinn hreyfanleika nemenda og aukna möguleika til samstarfs háskóla hér á landi og erlendis.

Viðurkenning námsþátta á milli skóla er mikið hagsmunamál fyrir nemendur og auðveldar þeim að færa sig milli skóla. Þannig verður auðveldara í framtíðinni fyrir nemendur að taka hluta af náminu í einum íslenskum skóla og fá það viðurkennt að fullu í öðrum.

### Mikilvægi einkaskóla viðurkennt

Með þeim breytingum á grunnskólalögum sem nú hafa verið samþykktar er mikilvægi einkarekinna eða sjálfstætt rekinna grunnskóla í skólakerfinu loks viðurkenndur. Sjálfstæðir skólar á borð við Ísaksskóla, Landakotsskóla og Hjallaskóla eru mikilvægur valkostur fyrir nemendur og foreldra.

Alls eru starfræktir 7 sjálfstæðir grunnskólar á Íslandi og síðastliðinn vetur stunduðu þar 430 nemendur nám. Þetta er töluvert lægra hlutfall en í flestum nágrannaríkjum okkar. Í Svíþjóð stunda svo dæmi sé tekið um 6% nemenda

nám í einkareknum grunnskólum. Meðaltal OECD-ríkjanna er um 10%. Hér á landi er hlutfallið hins vegar óvenjulega lágt eða vel innan við eitt prósent.

Með þeirri breytingu sem nú hefur verið gerð á lögum liggur fyrir að heimili sveitarfélag rekstur einkaskóla eigi sá skóli jafnframt rétt á ákveðnum lágmarksframlögum. Með þessu er sjálfákvörðunarréttur sveitarfélaga undirstrikaður. Ef þau leyfa rekstur sjálfstætt rekinna skóla á annað borð þá skuldbinda þau sig hins vegar jafnframt til ákveðinnar lágmarksgreiðslu til skólans.

### Kvikmyndaskoðun ríkisins lögð niður

Með nýjum lögum um eftirlit með aðgengi barna að tölvuleikjum og kvikmyndum leggst kvikmyndaskoðun af hálfu ríkisvaldsins, eins og hún hefur lengi verið framkvæmd hér á landi niður. Gert er ráð fyrir að bannað verði að sýna ungmennum undir lögræðisaldri ofbeldiskvikmyndir og tölvuleiki eða kvikmyndir og tölvuleiki sem ógna velferð barna og bönnuð verði sala og önnur dreifing á slíku efni til barna undir lögræðisaldri, þó þannig að allar kvikmyndir megi hafa til sýningar opinberlega fyrir börn sem náð hafa 14 ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða forsjáraðila.

Ábyrgðaraðilar samkvæmt lögnum eru þeir sem framleiða kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar eða notkunar hér á landi, hafa kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar í atvinnuskyni, eftir því sem við á í hverju tilviki. Ábyrgðaraðilar ber ábyrgð á framkvæmd laganna undir eftirliti Barnaverndarstofu og lögreglu. Þeim ber m.a. að setja sér verklagsreglur sem taka til mats á kvikmyndum og tölvuleikjum að fyrirmynd viðurkenndra erlendra skoðunarkerfa.

### Öflug íslenskustofnun

Með nýjum lögum verður til Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Nýja stofnunin mun verða til við samruna Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Orðabókar Háskóla Íslands, Íslenskrar málstöðvar, Örnefnastofnunar Íslands og Stofnunar Sigurðar Nordals. Tilgangur sameiningarinnar er að efla rannsóknarstarf og miðlun á sviði íslenskra fræða, auk þess að efla fræðilega ráðgjöf til styrktar og eflingar íslenskrar menningu. Þá er gert ráð fyrir að margvíslegt hagræði verði af því að sameina víska þætti í starfsemi þessara stofnana, einkum á sviði stjórnunar, tækni og þjónustu. Við samrunann skapast því skilyrði til þess að leggja aukna rækt við menningararf þjóðarinnar og íslenska tungu. Markmiðið er að til verði öflug háskólastofnun sem byggir á helstu undirstöðum íslenskrar menningar, tungumálinu og fornbókmenntunum.

## Niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk 2006

Niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk 2006 hafa nú verið birtar. Nemendum stóð til boða að þreyta próf í sex greinum en prófin hafa verið valfrjáls frá árinu 2001. Flestir eða 4.551 tóku samræmt próf í íslensku, 4.508 þreyttu próf í stærðfræði og 4.431 í ensku. Færri tóku próf í hinum þremur fögnum. Próf í dönsku tóku 3.447, samfélagsfræði 2.605 og náttúrufræði 2.026. Þess má geta að samkvæmt upplýsingum Hagstofnunar voru 4.779 nemendur skráðir í 10. bekk haustið 2005.

Ef skoðaðir eru allir 10. bekkingar sem þreyttu prófin má sjá að meðaleinkunnin er hæst í ensku 6,7 en lægst í stærðfræði 5,5. Í meðfylgjandi töflu má sjá að ef landshlutarnir eru bornir saman er hæstu meðaltölin að finna í Reykjavík og Suðvesturkjördæmi.

Meðaltal eftir landshlutum í samræmdum prófum í 10. bekk

	Íslenska		Enska		Danska <sup>1)</sup>		Náttúrufr. <sup>1)</sup>		Samfélagsfr. <sup>1)</sup>	
	M	M	M	M	M	M	M	M	M	
Reykjavík	6,5	5,7	6,9	6,4	6,5	6,3				
Suðvesturkjördæmi	6,7	5,9	6,9	6,4	6,4	6,2				
Norðvesturkjördæmi	6,3	5,2	6,3	6,0	5,5	5,8				
Norðausturkjördæmi	6,4	5,3	6,6	6,1	6,1	6,0				
Suðurkjördæmi	6,2	4,9	6,4	5,8	5,6	5,9				
Landið allt	6,5	5,5	6,7	6,2	6,1	6,1				

\* Nemendum sem tóku samræmt próf í norsku eða sænsku í stað dönsku eru ekki reiknaðir inn í meðaltal.

<sup>1)</sup> Vegna þess hve hlutfall nemenda, sem þreytir próf í dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum, er ólíkt eftir skólum og landshlutum er samanburður milli landshluta með öllu marklaus í þessari töflu.

Nemendum í 8. og 9. bekk er heimilt að þreyta samræmt próf og 750 nemendur nýttu sér það að þessu sinni. Í fyrra tók 301 yngri nemandi próf þannig að þeim fjölga um 149% milli ára. Flestir yngri nemendanna eiga það sameiginlegt að koma úr 9. bekk og taka samræmt próf í ensku.

Nánari upplýsingar er að finna á [vef Námsmatsstofnunar](#).

## 61 fyrirspurn svarað

Á nýloknu þingi svaraði menntamálaráðherra alls 61 fyrirspurn, þar af 13 skriflegum og 48 munnlegum fyrirspurnum.

Alls var 245 munnlegum fyrirspurnum svarað á Alþingi og var því um 20% allra fyrirspurna beint til ráðherra menntamála.

M.a. var svarað skriflegum fyrirspurnum um fjölda nemenda í starfsnámi, framlög til framhaldsskóla og nemendur með annað móðurmál en íslensku og munnlegum fyrirspurnum um framtíð Hönnunarsafns Íslands, Gamla héraðsskólahúsið á Laugarvatni, reiknilíkan framhaldsskóla, sameiningu opinberra háskóla, dreifikerfi Ríkisútvarpsins fyrir stafrænt sjónvarp, einkarekna grunnskóla og auglýsingar í kringum barnatíma í sjónvarpi.

Hægt er að nálgast svör menntamálaráðherra á [vef menntamálaráðuneytis](#) og á [vef Alþingis](#).

